

HELLISHEIÐARVIRKJUN, BREYTINGAR Á NIÐURENNSLISVEITU. SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á niðurrennslisveitu Hellisheiðarvirkjunar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerðum nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Þá þarf Orkuveitan að leita eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna dælingar vatns niður í jarðlög í samræmi við ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 797/1999. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar og er deiliskipulagsbreytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Með kynningu á deiliskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkuveitan og aðrir sem að framkvæmdum koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. október 2008.

29. ágúst 2008

INNGANGUR

Pann 24. júlí 2008 tilkynnti Orkuveita Reykjavíkur breytingar á niðurrennslisveitu Hellisheiðarvirkjunar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 14. ágúst 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. ágúst 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 12. ágúst 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 6. ágúst 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 11. ágúst 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. ágúst 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Orkuveitu Reykjavíkur með bréfum dags. 15. og 28. ágúst 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Orkuveita Reykjavíkur fyrirhugar breytingar á niðurrennslisveitu Hellisheiðarvirkjunar sem hefur í för með sér að niðurrennsli affallsvatns frá virkjuninni verður á svæði (A) norðan við Hamragilsveg, rétt vestan við tengivirki Landsnets og til vara á svæði (B) austan við tengivirkið. Núverandi niðurrennsli svæði norðan Gráuhnúka verður nýtt áfram meðan gengið er úr skugga um að þessi svæði taki við öllu niðurrennsli.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í ljós hafi komið að niðurrennsli svæðið við Gráuhnúka, sem hafi verið talið í jaðri jarðhitasvæðisins á Hellisheiði, sé nýtanlegt jarðhitasvæði þar sem hiti í borholum hafi mælst um 300°C sem sé með því mesta sem hafi mælst á Hellisheiðarsvæðinu. Við núverandi aðstæður fari allt skiljuvatn frá virkjuninni á Hellisheiði í þessar holur en til lengri tíma litið sé ekki talið heppilegt að setja affallsvatn niður í svæði sem sé með nýtanlegan jarðhita. Því sé talið eðlilegt að færa niðurrennsli svæðið á nýjan stað í jaðri jarðhitasvæðisins. Fram kemur að tilgangur fyrirhugaðra breytinga sé því að tryggja áframhaldandi stöðugt niðurrennsli affallsvatns í dýpri jarðlög í samræmivið stefnu Orkuveitunnar því það geti dregið úr þrýstingslækkun, bætt nýtingu jarðhitans og þar með dregið úr neikvæðum áhrifum á jarðhitageyminn.

Fram kemur að stefnt sé að því að losa allt að 1100 kg/s af affallsvatni frá Hellisheiðarvirkjun á svæði (A) og til þess þurfi að bora 10 til 20 holur. Gert sé ráð fyrir að þær verði um 1.000 m djúpar og fóðraðar niður á um 500-700 m dýpi eftir legu jarðlaga. Vatn verði notað til kælingar og skolunar á borsvarfi upp úr holunum og sé gert ráð fyrir að borvatn fái úr borvatnsveitu Hellisheiðarvirkjunar og að borvatnslagnir verði lagðar á yfirborði meðfram vegum að borstæðum. Lagnir verði síðan fjarlægðar að framkvæmdum loknum. Fram kemur að frárennsli frá borholum verði sigtað til að skilja frá grófasta borsvarfið sem falli á borstæðið við hlið dælukars og verði jafnað úr því á borstæðinu að borun lokinni. Fínni sandur sé skilinn frá með sandskiljum. Borvatn er síðan leitt í svarfpró þar sem megnið að fíngerðara borsvarfi botnfalli. Borvatni frá svarfprónni verði beint í læk sem renni rétt norðan við Hamragilsveg og um hraunið þar sem það hripi fljótt niður. Áformað sé að alls muni fjórar lagnir liggja að fyrirhuguðu niðurrennsli svæði, ein á yfirborði en þrjár verði niðurgrafnar. Ráðgert sé að nýta fyrirbyggjandi neyðarlosunarlögn sem liggja frá stöðvarhúsinu við Kolviðarhól að neyðarlosunarsvæði

Hellisheiðarvirkjunar. Frá neyðarlosunarlögninni verði lögð niðurrennsliðslögn á yfirborði um 500 m leið vestan við Hamragilsveg að fyrirhuguðu niðurrennsliðsvæði (A). Þá er fyrirhugað að leggja nýja um meters svera lögn frá stöðvarhúsi, sem verði niðurgrafin, samsíða neyðarlosunarlögninni að svæðinu. Á þesari lagnaleið verði reistir svokallaðir tafgeymar sem geti verið allt að 2,5-3 m í þvermál en slíkir geymar dragi úr hættu á að útfellingar myndist í niðurrennslisholum. Fram kemur að ef tekin verði ákvörðun um að hefja einnig niðurrennsli á svæði B og á borsvæðinu við HN-09 sé gert ráð fyrir að lagðar verði niðurrennsliðslagnir þangað frá svæði A. Að auki verði lögð niðurgrafin lögn fyrir þéttivatn, allt að 500 mm í þvermál frá hvoru stöðvarhússvæði (bæði frá vélasölum 1-4 og 5-6) sem tengist niðurrennsliðslögn í lokahúsi á svæði A. Þéttivatnslagnir verði meðfram öðrum lögnum eða vegum.

Áhrif á landslag. Fram kemur að umhverfi og ásýnd næsta nágrennis fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sé markað af núverandi mannvirkjum Hellisheiðarvirkjunar. Við fyrirhugaðar breytingar muni verða dregið úr áætluðu umfangi mannvirkja tengdum niðurrennsliðslaveitu virkjunarinnar á niðurrennsliðsvæði norðan við Gráuhnúka. Talið sé að breyting á niðurrennsliðslaveitu og færsla á hluta niðurrennslið Hellisheiðarvirkjunar muni ekki leiða til breytinga á niðurstöðu mats á heildaráhrifum virkjunarinnar á landslag og ásýnd á virkjunarsvæðinu.

Áhrif á jarðmyndanir og gróður. Fram kemur að fyrirhugað niðurrennsliðsvæði sé þakið framburði og að mestu gróið og muni þannig hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir á yfirborði. Að hluta sé um ræktað land að ræða og geri Orkuveitan ráð fyrir uppgræðslu almennt á virkjunarsvæðinu á næstu árum til mótvægis við það rask sem verði við framkvæmdir. Framkvæmdin sé ekki talin breyta niðurstöðu mats á heildaráhrifum Hellisheiðarvirkjunar á gróður.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að jarðlög á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu að meiri hluta úr móbergi og sé móbergslagið, sem finnst á 200-300 m dýpi í Þrengslum og Svínahrauni, á um 600 m dýpi á svæðinu. Samkvæmt rannsóknnum sé komið vel inn í jarðhitakerfið á tæplega 700 m dýpi og þar sem áætlað sé að niðurrennslisholur verði um 1.000 m djúpar og fódraðar niður fyrir efri grunnvatnslög og móbergslagið séu taldar litlar líkur á að affallsvatn geti borist upp í gegnum þétt móbergið í efri grunnvatnslög. Fram kemur að lækur renni um Sleggjubeinsdal og síðan að hluta í gegnum fyrirhugað niðurrennsliðsvæði. Fyrirhugað sé að sameina lækjarfarveginn í skurði við leysingafarveg ofan úr Hamragili og sé talið að þær framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á votlendið vestan framkvæmdasvæðisins, þar sem vatnið muni renna út í mýrina á svipuðum slóðum og við núverandi aðstæður.

Áhrif á jarðhita og orkuforða. Fram kemur að breyting á niðurrennsliðslaveitu Hellisheiðarvirkjunar muni ekki hafa áhrif á fyrri áform Orkuveitunnar um losun affallsvatns. Um sé að ræða sama fyrirkomulag niðurrennslið og við Gráuhnúka. Orkuveita Reykjavíkur telur að fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu niðurrennsliðsvæðisins muni ekki leiða til þess að heildaráhrif Hellisheiðarvirkjunar á jarðhita og orkuforða verði önnur eða meiri en sýnt hafi verið fram á við mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að hljóðstig hækki tímabundið á virkjunarsvæðinu á Hellisheiði í nágrenni við niðurrennsliðsvæðið á meðan niðurrennslisholurnar verði boraðar. Samkvæmt

útreikningum megi reikna með að hljóðstig verði undir viðmiðunarmörkum fyrir iðnaðarsvæði, þ.e. 70 dB(A), í 67 metra fjarlægð frá jarðbor. Reiknað hljóðstig verði komið í 50 dB(A), sem séu viðmiðunarmörk fyrir útivistarsvæði í þéttbýli, í 750 m fjarlægð frá bornum. Fram kemur að þegar hafi verið gerð grein fyrir áhrifum á hljóðstig vegna framkvæmda á niðurrennslistilrauna við mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar. Eina breytingin sé sú að áhrifanna muni gæta annars staðar innan virkjunarsvæðisins sem sé skilgreint sem iðnaðarsvæði. Talið sé að framkvæmdin breyti ekki niðurstöðu mats á heildaráhrifum Hellisheiðarvirkjunar á hljóðvist.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan iðnaðarsvæðis til jarðhitavinnslu samkvæmt Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 en breyta þurfi deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARÁÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur æskilegra að stækka borsvæði við holu HN-09 þannig að nýtt niðurrennslistilrauna verði milli Hamragilsvogar og vegar að tengivirki, enda hafi því svæði nú þegar verið raskað að nokkru leyti. Með því að staðsetja niðurrennslistilrauna á svæðum A og/eða B stækki það svæði sem tekið verði undir mannvirki. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að miða að því að draga sem mest úr umfangi manngerðra svæða til að halda breytingum á ásynd svæðisins í lágmarki, jafnvel þótt um sé að ræða framkvæmdir innan skilgreinds iðnaðarsvæðis.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og niðurstöðum rannsókna bendi flest til þess að nýta megi misgengi vestan Kolviðarhóls til förgunar affallsvatns. Það sé talinn vænlegri kostur að bora vestarlega á svæðinu bæði þar sem það sé talið geta leitt til aukinnar afkastagetu hvernig holi og lægri kostnaðar við borun, þar sem hver hola geti orðið um 500 m styttri en ef borað verði borplani HN-09. Fram kemur að þrátt fyrir góðan árangur af tilraunaholu HN-09 sé það skoðun Orkuveitunnar að líkur séu á betri árangri af borun niðurrennslistilrauna og losun affallsvatns í þær vestar á iðnaðarsvæðinu en við holu HN-09.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki hafi verið leitað eftir umsögn stofnunarinnar í samræmi við ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 797 um varnir gegn mengun grunnvatns vegna niðurrennslistilrauna í holu HN-09 og ítrekar að það verði gert við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að Orkuveitan hafi haft samráð og fundað reglulega með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands varðandi starfsleyfi virkjunarinnar. Fyrirtækið muni hafa samráð við Umhverfisstofnun vegna fyrirhugaðra breytinga á niðurrennslistilrauna.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna með kenniefnum vegna niðurrennslistilrauna í holu HN-09. Stofnunin telur rétt að áður en metin verði hugsanleg umhverfisáhrif og tekin afstaða til fyrirhugaðra breytinga á niðurrennslistilrauna, liggi fyrir niðurstöður niðurrennslistilrauna með kenniefnum.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að ráðgert hafi verið að setja kenniefni í holu HN-09 til að glöggva sig á hvert vatn færi sem í hana er dælt. Hins vegar hafi komið í ljós að ekkert

þrýstisamband mælist við nálægar holur (þ.e. KhG-01 og HE-08), þrátt fyrir að fjarlægðin milli þeirra sé til þess að gera lítil og því sé talið lítt vænlegt til árangurs að svo stöddu að nota kenniefni til að kanna lekt þar á milli. Þess í stað verði fylgst náið með þrýstingi (vatnsborði) í holu KhG-01 og fleiri holum í sambandi við niðurrennsli í holu HN-09 og ef það eftirlit gefi vísbendingar um þrýstisamband, verði lagt mat á það hvort kenniefni verði notuð til að meta lektina.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt framlögðum gögnum þurfi að færa fleiri en einn læk sem renni um niðurrensslissvæði A og B. Þess myndi hins vegar væntanlega ekki gerast þörf ef nýtt verði borsvæði við holu HN-09. Umhverfisstofnun telur ekki æskilegt að allir lækir eða lækjardrög á svæðinu verði færð í nýja og manngerða farvegi.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að breyting/færsla á lækjarfarvegum verði gerð í samráði við Umhverfisstofnun og Sveitarfélagið Ölfus vegna framkvæmda við færslu véla 5 og 6 við Hellisheiðarvirkjun og fyrirhugaða breytingu á niðurrennsli veitu virkjunarinnar. Áformað sé að farvegur sem liggja í gegnum niðurrensslissvæði A fái að halda sér til að tryggja vatnsstreymi í mýrina norðan við svæðið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki komi fram í framlögðum gögnum hvort förgun frárennsli við borun geti haft í för með sér einhver ummerki á yfirborði. Stofnunin telur að tryggja verði að förgun borvatns hafi ekki áhrif á yfirborði óraskaðs lands eða í farvegi lækjarins.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að skolvatn verði leitt í skolvatnsþró þar sem borsvarf setjist til og þaðan í yfirborðslögn að losunarstað til að koma í veg fyrir að frárennsli hafi áhrif á yfirborði og í farvegi lækjarins. Talið sé að með því fyrirkomulagi verði lítil ummerki af förgun frárennsli á yfirborði óraskaðs lands og í lækjarfarvegi.

Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að umhverfi og ásýnd næsta nágrennis fyrirhugaðra niðurrensslissvæða sé markað af mannvirkjum, eigi m.t.t. til sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag, að leggja á það áherslu að hafa niðurrennsli veitu og mannvirkjagerð á sem fæstum stöðum til að draga úr umfangi þess svæðis sem fari undir virkjunina. Nú þegar hafi töluvert svæði farið undir mannvirki og því sé það betri kostur að hafa niðurrennsli veitu í nágrenni við holu HN-09.

Í svörum Orkuveitunnar er ítrekað að m.t.t. lítils umfangs fyrirhugaðra framkvæmda, sé talið að breytingar á niðurrennsli veitu og færsla á hluta niðurrennsli Hellisheiðarvirkjunar muni ekki leiða til breytinga á niðurstöðu mats á heildaráhrifum Hellisheiðarvirkjunar á landslag og ásýnd á virkjunarsvæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á niðurrennsli veitu Hellisheiðarvirkjunar sem hefur í för með sér að niðurrennsli affallsvatns frá virkjuninni verður á svæði (A) norðan við Hamragilsveg, rétt vestan við tengivirki Landsnets og til vara á svæði (B) austan við tengivirkið. Núverandi niðurrensslissvæði norðan Gráuhnúka verður nýtt áfram meðan gengið er úr skugga um að ofangreind svæði taki við öllu niðurrennsli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um

matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur samkvæmt framlögðum gögnum Orkuveitunnar að fyrirtækið telur, í ljósi jarðfræðilegra upplýsinga og niðurstaðna tilrauna varðandi niðurrennsli í holu HN-09, sem er á svæðinu milli Hamragilsvegar og vegar að tengivirki, að vænlegra sé að bora vestar, þ.e. á þeim svæðum sem kynnt eru í framlögðum gögnum. Betur verði tryggt að markmið um stöðugt niðurrennsli affallsvatns frá Hellisheiðarvirkjun í dýpri jarðlög náist. Að mati Skipulagsstofnunar er það meginatriði að staðsetning nýs niðurrensslissvæðis og fyrirkomulag niðurrenslis skiljuvatns verði með þeim hætti að tryggt sé að affallsvatn blandist ekki í efri grunnvatnsstraumalög, ofan hins þetta móbergslags, auk þess sem stuðlað verði að því að niðurrennsli komi jarðhitakerfinu til góða, m.a. með tilliti til endurnýjanleika jarðhitaauðlindarinnar. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í framlögðum gögnum telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu niðurrensslissvæðis komi til með hafa neikvæð áhrif á grunnvatn eða á jarðhitakerfið og orkuforða. Skipulagsstofnun telur að staðsetning niðurrensslissvæða A og B sé ásættanleg þó að um sé að ræða rask á stærra svæði en ef aðeins væri borað á svæði við holu HN-09. Ljóst er að framkvæmdir við niðurrenslisveitu, sem fela m.a. í sér gerð borteiga og lagnir, munu auka enn frekar á manngerða ásýnd svæðisins við Kolviðarhól.

Skipulagsstofnun telur að nokkur neikvæð áhrif verði vegna breytinga á lækjarfarvegi en leggur áherslu á að ekki verði dregið úr núverandi streymi yfirborðsvatns að votlendi vestan framkvæmdasvæðisins. Stofnunin telur að það fyrirkomulag við meðhöndlun skolvatns, sem fjallað er um í framlögðum gögnum, sé til þess fallið að draga úr líkum á ummerkjum á yfirborði vegna förgunar þess og leggur áherslu á að grugg í vatninu, þegar það kemur í lækjarfarveg, verði það lítið að útfellingar verði ekki í farvegnum.

Skipulagsstofnun telur ljóst að nokkur neikvæð áhrif verða á gróður við fyrirhugaðar framkvæmdir en að líta megi á að fyrirhuguð uppgræðsla almennt á virkjunarsvæðinu á næstu árum sé ásættanleg mótvægisáðgerð.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggja að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á jarðmyndanir eða hljóðvist. Ekki eru fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en Skipulagsstofnun tekur undir nauðsyn þess að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að fornleifar í grennd við framkvæmdasvæðið raskist af vangá.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitunnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuveitunnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á niðurrenslisveitu Hellisheiðarvirkjunar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerðum nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Þá þarf Orkuveitan að leita eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna dælingar vatns niður í jarðlög í

samræmi við ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 797/1999. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi Hellsheiðarvirkjunar og er deiliskipulagsbreytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Með kynningu á deiliskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkuveitan og aðrir sem að framkvæmdum koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfissráðherra. Kærufrestur er til 1. október 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfissráðuneytið, Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.